

Greinargerð með ársreikningi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2021

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2021 er lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 27. apríl 2022. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn 11. maí n.k.

Inngangur

Halli á samstæðureikningi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2021 er alls 1.790 millj.kr.. Þar af eru fjármagnsgjöld vegna 5,6% verðbólgu 1.206 millj.kr. og má ætla að það sé um 670 millj.kr. hærri útgjöld en í venjulegu árferði. Að auki má rekja 418 millj.kr. til óvæntrar hækkunar lífeyrisskuldbindinga sem urðu þannig 583 millj.kr. í stað áætlunar upp á 165 millj.kr. Að síðustu má nefna að undirfjármögnun jöfnunarsjóðs á málefnum fatlaðra er um 212 millj.kr. á árinu 2021. Samanlagt eru þessir liðir um 1.300 millj.kr. Án fyrrgreindra áfalla hefði halli af rekstri samstæðu Svf. Árborgar verið um 490 millj.kr. og er þá ekki allt talið.

Auk ofangreindra áfalla hefur áfram verði talsverður kostnaður og tekjumissir vegna Covid-19. Má þar nefna endurgreiðslur á skóla-, leikskóla- og frístundargjöldum og vaxandi kostnað vegna veikinda starfsfólks. Kostnaður við félagsþjónustu hefur aukist verulega á síðustu árum vegna afleiðinga Covid-19 en einnig vegna annarra þátta s.s. íbúafjölgunar og sérstaks átaks á landsvísu í barnaverndarmálum. Þá hefur umtalsverður aukakostnaður skapast vegna tafa og óhagræðis í tengslum við uppbyggingu skólahúsnæðis og samsvarandi fjölgunar starfsfólks í skólum og leikskólum. Til dæmis var leikskólaplássum fjölgað mun meira á árinu 2021 en gert hafði verið ráð fyrir, enda er mikil eftirspurn eftir fjölgun plássá.

Starfsemi sveitarfélagsins og liðsheild starfsfólks er orðin afar sterk og þjónustan öflug í kjölfar breytinga á skipuriti og verkferlum þar sem lögð hefur verið áhersla á valdeflingu starfsfólks. Auk þess hefur stafræn þróun skilað vaxandi hagræði með bættri þjónustu og lægri kostnaði á fjölmörgum sviðum. Þetta mun skila sér í hagkvæmari rekstri á næstu árum og er full ástæða til bjartsýni á að reksturinn verði jákvæður þegar ytri aðstæður skána og ofantaldir vaxtaverkir jafna sig.

Upplýsingar úr sjóðsstreymi

Fjárfestingar alls námu um 3.270 millj.kr. en voru 2.600 m.kr. árið 2020, 1.635 m.kr. árið 2019 og 1.900 milljónir árið 2018. Þær voru þó um 550 millj.kr. lægri árið 2021 en áætlun gerði ráð fyrir. Þessar tölur endurspeglar þau risavöxnu verkefni sem sveitarfélagið hefur tekist á við á síðustu árum.

Skuldahlutfall hefur aukist á árinu 2021 vegna mikilla fjárfestinga og er skuldaviðmið skv. reglugerð nú komið í 138,4% miðað við 120,1% árið áður.

Fjármálasvið

Veltufé frá rekstri lækkaði milli ára og var 213 millj.kr. árið 2021 en um 580 millj.kr. árið 2020. Veltufé frá rekstri er um 1,7% af heildartekjum, sem getur ekki talist viðunandi. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 56 millj.kr.

Lækkanir jöfnunarsjóðstekna eftir Covid-19

Tekjur úr jöfnunarsjóði árið 2021 eru um 220 millj.kr. lægri en þær ættu að vera sé litið til áraanna fyrir Covid-19. Árið 2020 var þessi mismunur um 180 millj.kr.

Á árunum 2011-2019 voru tekjur frá jöfnunarsjóði sem hlutfall af útsvarstekjum aðeins einu sinni undir 30%. Það var árið 2019, þegar hann var 29,6%. Annars var þetta hlutfall að jafnaði 32,9% árin 2011-2019 og að meðaltali 31% árin 2016-2019. Árið 2019 var hlutfallið reyndar 32%.

Árið 2020 féll þetta hlutfall jöfnunarsjóðstekna af útsvarstekjum Svf. Árborgar skyndilega mjög mikið og tengist að öllum líkindum ráðstöfunum ríkisins vegna Covid-19. Þar sem tekjustofnar sveitarfélaga á borð við Svf. Árborg er ekki of burðugir þá er þetta alvarlegt mál sem Sambandið þarf að beita sér í.

Fjármagnsliðir í 5,6% verðbólgu

Ef verðbólguþáttur Seðlabanka Íslands um 2,5% verðbólgu hefði haldið má reikna með að fjármagnsgjöld Svf. Árborgar væru 670 millj.kr. lægri en nú er raunin. Verðbólga hefur gríðarleg áhrif á rekstur íslenskra sveitarfélaga í gegnum lán, sem almennt eru verðtryggð hjá sveitarfélögum.

Fjármagnsgjöld samstæðu nettó eru um 1.200 millj.kr. árið 2021, samanborið við 907 millj.kr. árið 2020, 752 millj.kr. árið 2019 og 670 millj.kr. árið 2018. Á þessum tíma hafa gríðarlegar fjárfestingar verið í mikilvægum innviðum vegna vaxtar sveitarfélagsins og hafa ásamt 11,1% verðlagsbreytingum leitt til skuldaaukningar úr 8,1 milljarði upp í 14,4 milljarða. Verðbólga 12 mánaða stóð í 5,6% um síðustu áramót og hefur því miður farið vaxandi frá þeim tíma. Fjármagnsgjöld eru um 9,8% í hlutfalli við heildartekjur sveitarfélagsins 2021.

Neysliverðsvísitala hækkaði um 5,6% árið 2021 og 4,3% árið 2020 en 1,7% árið 2019. Launavísitala hækkaði um 7,3% árið 2021 og 10,3% árið 2020.

Lífeyrisskuldbindingar

Fordæmalaus hækkun varð óvænt á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélagsins árið 2021, um 580 mill.kr., og færast sá kostnaður allur sem útgjöld í rekstri. Þetta þýðir um 418 millj.kr. umfram venjulegt árferði, enda var áætlað að hækkun yrði 165 millj.kr. árið 2021. Líkt og sjá má í skýringu nr. 16 í ársreikningi er þetta 4,6% rekstrartekna sveitarfélagsins í A og B hluta árið 2021.

Fjármálasvið

Rekstur ársins 2021

Samstæðureikningur Sveitarfélagsins Árborgar samanstendur af A-hluta og B-hluta.

Í A-hluta eru :

Aðalsjóður
Eignasjóður
Þjónustustöð
Fasteignafélag Árborgar
Verktækni ehf.

Í B-hluta eru :

Byggingarsjóður aldraðra
Fráveita
Vatnsveita
Selfossveitur
Sandvíkursetur ehf.

Meginreglan er sú að í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Rekstrareiningar í B-hluta hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum.

Helstu niðurstöður rekstrar eru :

Í þús.kr.	A-hluti			A- og B-hluti		
	2021	Áætlun	Mismunur	2021	Áætlun	Mismunur
Rekstrartekjur	11.085.368	11.143.326	(57.958)	12.640.843	12.991.779	(350.936)
Rekstrargjöld	12.015.389	11.424.933	590.456	12.582.002	12.383.785	198.217
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	(930.021)	(281.608)	(648.413)	58.840	607.994	(549.153)
Afskriftir	(382.040)	(454.829)	72.789	(609.908)	(699.482)	89.574
Niðurstaða án fjármagnsliða	(1.312.061)	(736.437)	(575.624)	(551.068)	(91.488)	(459.580)
Fjármagnsliðir, nettó	(833.279)	(709.953)	(123.326)	(1.206.362)	(1.092.931)	(113.431)
Rekstrarniðurstaða fyrir reiknaðan tekjuskatt	(2.145.341)	(1.446.390)	(698.951)	(1.757.429)	(1.184.420)	(573.009)
Reiknaður tekjuskattur	0	0	0	(32.810)	0	(32.810)
Rekstrarniðurstaða	(2.145.341)	(1.446.390)	(698.951)	(1.790.239)	(1.184.420)	(605.819)

Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta er neikvæð um 1.790.2 millj.kr. sem er 605,8 millj.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

Fjármálasvið

Frávik frá áætlun ársins má að stórum hluta skýra með tvennum hætti. Í fyrsta lagi af mikilli hækkun á lífeyrisskuldbindingum en hækkun á henni er 418 millj.kr. umfram áætlun ársins. Hækkun þessi skýrist af hækkun launa, breyttum forsendum um lífaldur og hærri hlut launagreiðenda í skuldbindingunni. Um verulegar breytingar á forsendum er að ræða sem ekki lágu fyrir við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Í öðru lagi eru fjármagsliðir 113,4 millj.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir þar sem verðbólga var mun hærri en allar áætlanir gerðu ráð fyrir á síðustu mánuðum ársins 2021.

Heildartekjur eru 12.641 millj.kr. og heildarútgjöld með afskriftum en án fjármagnsliða 13.919 millj.kr. Að öllu samanlögðu nema heildarútgjöld með afskriftum án fjármagnsliða 104 % af heildartekjum A- og B-hluta ársreiknings.

Fræðslu- og uppeldismál er umfangsmesti málaflokkurinn í rekstri sveitarfélagsins, tekur til sín 6.114 millj.kr. Sveitarfélagið Árborg er stór vinnuveitandi og greiðir 7.470 millj.kr. í laun og launatengd gjöld.

Jákvæð frávik eru í eftirfarandi málaflokkum : skatttekjum, menningarmál, Íþrótt- og æskulýðsmál, hreinlætismál, umferðar- og samgöngumál, umhverfismál og atvinnumál. Samtals eru þessir málaflokkar 190,2 millj.kr. undir áætlun.

Þeir málaflokkar í aðalsjóði sem eru með neikvæð frávik eru eftirfarandi : félagsþjónusta, heilbrigðismál, fræðslu- og uppeldismál, brunavarnir og almannavarnir, skipulags- og byggingarmál, sameiginlegur kostnaður og breyting lífeyrisskuldbindingar. Samtals eru þessir málaflokkar 885,6 millj.kr. yfir áætlun. Stærstu frávikin eru í þremur málaflokkum, breytingu lífeyrisskuldbindinga, 424,4 millj.kr., fræðslu- og uppeldismálum, 279,5 millj.kr. sem er langstærsti málaflokkur sveitarfélagsins og í félagsþjónustu 140 millj.kr.

Neikvæð frávik fjármagnsliða aðalsjóðs eru 46,6 millj.kr. sem má að stórum hluta rekja til hærri verðbóta af langtímalánum þar sem verðbólga var hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Afkoma A-hluta stofnana er 43 millj.kr. hagstæðari en áætlun gerir ráð fyrir. Afkoma Eignasjóðs er óhagstæðari en áætlun sem nemur 31,6 millj.kr. Afkoma Þjónustustöðvar er 34,7 millj.kr. hagstæðari en áætlun, afkoma Fasteignafélags Árborgar er 39,5 millj.kr. hagstæðari en áætlun og afkoma Verktækni ehf. er 475 þús. kr. hagstæðari en áætlun gerir ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um 2.145,3 millj.kr. sem er 699 millj.kr. óhagstæðari afkoma en áætlun gerir ráð fyrir.

Frávik B-hluta félaga eru hagstæð um 93 millj.kr. Byggingarsjóður aldraðra er á pari við áætlun. Fráveita er með hagstæð frávik upp á 3,9 millj.kr. Frávik Vatnsveitu eru hagstæð sem nemur 6 millj.kr. Selfossveitur sýna betri afkomu en áætlun sem nemur 79,2 millj.kr. Sandvíkursetur ehf. er með hagstæð frávik upp á 3,9 millj.kr.

Fjármálasvið

Fjárfestingar

Fjárfestingar ársins námu alls 3.268,6 millj.kr. sem skiptast þannig: fasteignir og lóðir 2.534,1 millj.kr., veitu- og gatnakerfi 550,1 millj.kr. og bifreiðar, vélar, áhöld og tæki 184,4 millj.kr.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið

Skuldahlutfall samantekinna reikningsskila nemur 169,2% í árslok 20210 samanborið við 146,8% í árslok 2020. Útreikningur skv. reglugerð 502/2012 gefur skuldaviðmið 138,4% í árslok 2021 samanborið við 120,1% í árslok 2020.

Efnahagsreikningur 31.12.201

Samanteknar niðurstöður efnahagsreiknings birtast í töflunni hér að neðan :

Í þús.kr.	A-hluti		A- og B-hluti	
	2021	2020	2021	2020
Eignir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	16.224.133	13.228.030	21.809.475	18.479.730
Áhættufjármunir og langtímakröfur	953.831	960.304	814.981	844.845
Veltufjármunir	3.164.148	2.600.276	2.615.425	1.860.779
Eignir samtals	20.342.112	16.788.609	25.239.881	21.185.354
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	244.061	1.647.493	3.857.291	4.905.621
Lífeyrisskuldbindingar	2.682.698	2.103.677	3.086.602	2.477.158
Langtímaskuldir	12.273.684	9.284.073	14.438.620	11.006.157
Skammtímaskuldir	5.141.669	3.753.367	3.857.367	2.796.418
Skuldir og skuldb. samtals	20.098.051	15.141.117	21.382.589	16.279.733
Eigið fé og skuldir samtals	20.342.112	16.788.609	25.239.881	21.185.354

Fjármálasvið

Sjóðstreymi ársins 20201

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan :

<i>Í þús.kr.</i>	A-hluti		A- og B-hluti	
	2021	Áætlun	2021	Áætlun
Niðurstaða ársins	(2.145.341)	(1.446.390)	(1.790.239)	(1.184.420)
Veltufé frá rekstri	(794.761)	(579.205)	213.439	282.497
Handbært fé frá rekstri	(887.006)	(561.382)	300.319	686.913
Fjárfestingarhreyfingar	(2.567.155)	(3.016.878)	(3.104.545)	(3.717.879)
Fjármögnunarhreyfingar	3.430.177	3.538.815	3.118.150	3.418.595
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(23.984)	(39.446)	(42.683)	1.035

Fjármálasvið

Lykiltölur

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan :

Í hlutfalli við rekstrartekjur :	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2021	Áætlun	2021	Áætlun
Laun og launatengd gjöld	65,1%	63,9%	59,1%	56,7%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	5,2%	1,4%	4,6%	1,3%
Annar rekstrarkostnaður	38,1%	37,3%	35,8%	37,3%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	-8,4%	-2,5%	0,5%	4,7%
Afskriftir	3,4%	4,1%	4,8%	5,4%
Fjármagnsliðir	7,5%	6,4%	9,8%	8,4%
Rekstrarniðurstaða	-19,4%	-13,0%	-14,2%	-9,1%
Hreint veltufé frá rekstri	-7,2%	-5,2%	1,7%	2,2%
Á íbúa, í þús.kr. :				
Skatttekjur	828	809	825	807
Aðrar tekjur	199	205	346	375
Laun og launatengd gjöld	-722	-661	-746	-685
Annar rekstrarkostnaður	-391	-378	-420	-441
Afskriftir	-35	-41	-57	-64
Fjármagnsliðir	-77	-65	-115	-99
Rekstrarniðurstaða	-199	-132	-166	-108
Aðrar lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	0,6	0,5	0,7	0,4
Skuldahlutfall	181,3%	170,3%	169,2%	155,6%
Skuldahlutfall skv. reglugerð 502/2012	141,5%	138,1%	138,4%	134,9%

Framtíðarsýn, staða og horfur

Grettistak hefur verið unnið í framkvæmdum og fjárfestingum á vegum Sveitarfélagsins Árborgar undan farin ár og enn liggja mörg stór verkefni fyrir. Mikil fjölgun íbúa kallar á að áfram verði fjárfest í skólahúsnæði og íþróttaaðstöðu en einnig er nú komið að framkvæmdum við hreinsun skólps eftir undirbúningsvinnu síðustu ára.

Fjölskyldan í fyrirrúmi

Á síðustu árum hefur verið lögð rík áhersla á fjölskylduþjónustu. Miklu hefur verið kostað til í byggingu leikskóla og leikskólalássam hefur verið fjölgað verulega. Frístundþjónusta við grunnskólabörn hefur stóraukist og er það þjónusta sem orðin er ákaflega mikilvæg íbúum í nútímasamfélagi.

Sveitarfélagið Árborg hefur haft aukna þjónustu við fjölskyldur að markmiði. Í þeim efnun er lögð sérstök áhersla á börn og velferð þeirra. Segja má að innleiðing farsældarlaganna falli vel að þeirri stefnu sem rekin hefur verið í Árborg síðustu ár. Samþætt þjónusta við hvert barn er þar í fyrirrúmi, þannig að kerfi tali saman og taki heildstætt á hverjum þeim vanda barnsins sem upp kann að koma. Svo vel hefur tekist til hjá sveitarfélaginu í þessum efnun að horft er til þess af ráðuneytum og stærri sveitarfélögum.

Svf. Árborg leggur einnig áherslu á að auka aðgengi að leikskólum þannig að fleiri börn fái inni og fyrr en verið hefur. Mikið ákall er um aukna þjónustu að þessu leyti en á meðan ekki koma tekjustofnar frá ríkinu til að brúa bilið niður að fæðingarorlofi er um að ræða verulegan útgjaldaauka fyrir sveitarfélagið.

Vöxtur og uppbygging

Árið 2021 var áfram unnið að því að greiða fyrir frekari uppbyggingu í Árborg, með skipulagsvinnu, gatnagerð og uppbyggingu innviða. Þessi stórmál eru nú komin í mjög gott horf en engu að síður leiddi takmarkað lóðaframboð undanfarinna ára til þess að íbúafjöldun varð „ekki meiri“ en 4% á árinu 2020. Ýmsar tafir í byggingu íbúða, sem ekki tengjast sveitarfélaginu urðu svo til þess að íbúafjöldun var „aðeins“ 3,5% árið 2021. Nú er svo komið að mikil uppsöfnuð byggingaráform einkaaðila eru komin að ystu mörkum. Óheft gætu þau byggingaráform þýtt 15% fjölgun íbúa á árinu 2022, en ljóst er orðið að Selfossveitur munu ekki afkasta slíkri fjölgun fyrr en frekari jarðboranir hafa skilað árangri eða heits vatns aflað með öðrum hætti. Tilraunaboranir hafa staðið yfir síðustu ár en auka þarf enn frekar áherslu á öflun á heitu vatni til að styðja við áframhaldandi íbúafjöldun. Er nú róið að því öllum árum með auknum tilraunaborunum, samningum við jarðhitaeigendur og viðræðum við önnur orkufyrirtæki.

Miklar byggingarframkvæmdir standa yfir í Árborg og munu þær halda áfram, bæði á íbúðamarkaði og í öðrum stórverkefnum. Það er því óumflýjanlegt að Árborg verður áfram eftirsóknarverður staður til búsetu og athafna.

Fjármálasvið

Fjárfestingar fyrir samfélagið

Stórfelldar fjárfestingar Svf. Árborgar eru bein afleiðing af örum vexti, enda var íbúafjölgun frá ársbyrjun 2017 orðin tæp 28% í byrjun árs 2022. Fjárfestingarnar sem ráðist hefur verið í eru að mestu leyti af samfélagslegum toga og má þar nefna skóla, leikskóla og íþróttahús. Áfram verður þörf á miklum fjárfestingum þar sem t.d. má nefna Stekkjaskóla, hreinsistöð fráveitu, húsnæðismál Barnaskólans á Stokkseyri og Eyrarbakka og frekari byggingu leikskóla.

Fjármögnun og vegurinn til aukinnar sjálfbærni

Stærð sveitarfélagsins og umsvifa þess er nú orðin slík að Lánasjóður sveitarfélaga getur ekki lengur fjármagnað allar lántökur Svf. Árborgar. Lántökur á frjálsum markaði eru eðlileg ráðstöfun til að bregðast við þeim nýja veruleika sem blasir við sveitarfélaginu. Viðbrögð Svf. Árborgar við þessari stöðu er skuldabréfaútgáfa á markaði þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra skuldabréfaumgjörð, vottaða undir stöðlum Green Bond Principles, Social Bond Principles og Evrópusambandsins. Gera má ráð fyrir að slík skuldabréfaútgáfa verði árlegur viðburður á næstu árum. Það er fagnaðarefni að sjálfbærnivottuð skuldabréfaútboð sveitarfélagsins hafa nú skilað Svf. Árborg betri kjörum en bjóðast hjá Lánasjóði sveitarfélaga.